

Reykjavík, 6. mars 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, mál nr. 125, þingskjal nr. 135.

Sjálfskuldarábyrgð og ábyrgðarmenn hefur í gegnum tíðina verið mikilvægur hluti af lánveitingum og lánafyrirgreiðslu ýmis konar. Yfirdráttarlán fólks sem er að koma inn á vinnumarkað, lán námsmanna frá Lánasjóði Ísl. Námsmanna, ábyrgð á reikningsviðskiptum osfrv. Hér hefur bæði verið um ræða ábyrgðir fyrir einstaklinga og einnig ábyrgðir fyrir einkahlutafélög eða önnur félög með takmarkaða ábyrgð. Undirritaður telur að fráleitt sé að loka fyrir þennan möguleika á lánafyrirgreiðslum eða takmarka tækifærin til slíks þannig að slíkur möguleiki verði ótækur fyrir lánveitanda.

Umræður um vægi ábyrgða hafa verið lengi í umræðunni og hafa í ríflega 10 ár verið í gildi reglur fjármálafyrirtækja um beitingu slíkra ábyrgða sbr samkomulag frá 1998 og 2001. Hafa þessar reglur verið mjög mikilvægar til að tryggja að ábyrgðarmanni sé sannanlega gerð grein fyrir stöðu hans og ábyrgð og mögulegum afleiðingum af hans ábyrgð fyrir hann þ.e. að útgangspunkturinn á alltaf að vera sá að ábyrgðarmaður á ekki að gangast í ábyrgð fyrir nokkurn nema að hann sé tilbúinn til að greiða viðkomandi skuld upp gangvart lánveitanda og taka þannig við sem kröfuhafi gagnvart lántaka.

Sjálfsgagt er að lögbinda þær reglur sem í gildi hafa verið í tilvitunuðu samkomulagi og samræmist það í raun mörgum ákvæðunum s.s. 2. gr., en mörg ákvæði þessa frumvarps ganga allt of langt í vernd ábyrgðarmanna, svo langt að ljóst er að ef það myndi ná fram myndu lán af þessum toga leggjast af og nýjar leiðir fundnar sem hefðu verri stöðu í för með sér. Í þessu sambandi verður að geta þess að það verður að gera ráð fyrir því almennt að ábyrgðarmenn taki meðvitaða og upplýsta ákvörðun um að gerast ábyrgðarmaður hjá lántaka og geri sér grein fyrir áhættunni, fráleitt er að miða lagasetningu út frá því að svo sé ekki eða verið sé að „plata“ fólk í óþarfi eða meiri ábyrgð en það telur sig vera að taka.

Undirritaður mun fara hér lauslega yfir nokkrar greinar frumvarpsins í þessu ljósi.

1. Markmiðssetning laganna í 1. gr. frumvarpsins er óljós og alltof almenn. Ljóst er að ábyrgðir koma langoftast til þegar lánveitandi hefur metið það svo að tryggingar lántaka og greiðslugeta hans sé ekki næg trygging og því er strax í þessari grein verið að hlutast til um afnám þessa mikilvæga möguleika til lánafyrirgreiðslu.
2. 4 gr. frumvarpsins leggur alltof miklar kröfur á lánveitendur í að skipta sér af ákvörðun ábyrgðarmanns. Draga verða skýr mörk á milli skyldu til upplýsingagjafar og ráðgjafaskyldu og með þessari grein er gengið alltof langt í ábyrgð á lánveitendur í eftirliti með ábyrgðarmönnum.

3. Upplýsingaskylda skv. 5. gr. er að mörgu leyti eðlileg en ekki má ganga of langt þannig að það geti brotið trúnað um við aðra aðila, lántaka eða aðra. Er augljóst að h-liður gengur of langt í þessu sambandi.
4. Mikilvægt er að lánveitandi missi ekki réttarstöðu eða kröfurétt með of þröngum reglum. 2. mgr. 7. gr. gengur of langt í réttarverndinni enda fráleitt að lánveitandi missi rétt til vaxta skv. núgildandi lögum. Frekar væri að tengja lögbundna innheimtuviðvörun skv. innheimtulögum við ábyrgðarmenn þannig að hann geti þannig gert upp án aukins kostnaðar umfram það sem fylgir slíkri viðvörun.
5. Ljóst er að ef 8. gr. frumvarpsins verður samþykkt mun ábyrgðarfyrirkomulagið, eins og við þekkjum það, leggjast af. Fráleitt er að takmarka með þessum hætti möguleika lánveitanda til innheimtu ábyrgðar enda væri þá lítil trygging fólgin í ábyrgðinni. Undirritaður hefur fullan skilning á neytendaverndarsjónarmiðum sem eru að baki greininni en það er víst að ef regla af þessum toga væri lögfest þá myndi lánveitendur hverfa frá þessu fyrirkomulagi og krefjast þess að ábyrgðarmenn yrðu meðskuldarar og þar með missa þann kröfurétt sem ábyrgðarmenn hafa nú á hendur lántaka. Það getur ekki verið vilji löggjafans að koma málum í slíkan farveg.
6. Fara verður varlega í áhrifum nauðasamninga á ábyrgðir. Það að lántaki gangi í gegnum nauðasamninga á ekki að hafa meiri áhrif á ábyrgðina aðra en að heildarskuld lántaka lækkar sem því nemur en ábyrgðin verður að standa þrátt fyrir það á eftirstöðvum eða á ábyrgðarfjárhæð ef hún er lægri en eftirstöðvarnar. Sama á við um að takmarka heimildir lánveitenda til að veita greiðslufrest. Ef slíkar takmarkanir væru þá myndi það torvelda mjög tækifæri til sveiganleika gagnvart lántaka og þar með auka líkur á vanskilum og þar með virkni ábyrgðarinnar.

Eins og sést í þessum athugasemdum þá leggst undirritaður alfarið gegn þessari lagasetningunni eins og hún er hér sett fram en hvetur frekar til að gildandi samkomulag fjármálafyrirtækja verði bundið í lög.

Virðingarfyllt,

f.h. Momentum

Davíð B. Gíslason hdl.